

Kennsluáætlun 2026-2027

8. - 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir



Markmið:

Að nemendi

- geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega fyrir framan hóp fólks, miðlað þekkingu sinni og komið hugmyndum sínum skilmerkilega frá sér.
- geti átt í góðum samskiptum, mótað sér skoðun um tiltekin málefni og tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum.
- geti lesið, túlkað og nýtt sér upplýsingar úr fjölbreyttum textum og miðlum, svo sem fjölmiðlum, útvarpi og kvikmyndum, fræðitextum, ljóðum og öðru skáldðu efni.
- Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.
- geti nýtt bókmenntafræðihugtök til að fjalla um fjölbreytta texta.
- þekki til íslenskrar bókmenntahefðar og sögu.
- læri að umgangast heimildir, geti vísað til þeirra með viðeigandi hætti og geri skýran greinarmun á eigin hugmyndum og annarra.
- geti beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun og skipi efnisatriðum í röklegt samhengi.
- geti skrifað mismunandi texta með fjölbreyttum orðaforða og málsmíði við hæfi.
- kannist við allar stafsetningarreglur, geti nýtt sér þær í umræðu um málið og geti stafsett rétt almennan texta.
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt.
- sinni heimalestri 5 sinnum í viku.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

Kennslustund hefst á upprifjun fyrri tíma og við tekur svo innlögð á efni tímans. Nemendur vinna í stuttum vinnulotum, í kringum 20 mínútur í senn ásamt uppbroti í miðju tímans. Uppbrotið reynir á t.d. félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans ásamt fleiru.

Nemendur hafa sinn námsfélag og munu þeir af og til kljást saman við ýmsar spurningar sem hvetja til samræðna tengt efninu. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í pörum/hópum með skólafélögum. Nemendur vinna einstaklingslega í vinnubókum en geta leitað eftir aðstoð sessunautar ef svo ber undir. Í verkefnum frá kennurum vinna nemendur oft í hópum og styðja hvert annað í náminu.

Nemendur þjálfa upplestur með því að lesa fyrir kennara/stuðningsfulltrúa/samnemanda í kennslustund einu sinni á viku eða eins oft og kostur gefst. Meðan á lestri standur fá nemendur leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.

Námsmat:

- Leiðsagnarnám/-mat verður leiðarljós við allt námsmat.
- Nemendur meta sín verkefni ásamt kennurum og fá endurgjöf á vinnu sína.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt próf í málfræði og stafsetningu í lok annar.
- Orðarún – lesskilningspróf (8. bekkur).
- Matsferill – lesfimi, lesskilningur.

Námsgögn:

- Gullvör – kennslubók í málfræði.
- Skáldsagan “Stormsker – fólkið sem fangaði vindinn” eftir Birki Blæ Ingólfsson og Grettissaga.
- Útbrot – kennslubók í lesskilningi.
- Mér er í mun... - bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla.
- Kveikjur – texta- og verkefnabók í íslensku.
- Skilaboð móttækin – fræðslukver um fjölmiðla og auglýsingar.
- Lesbækur af skólabókasafni og bókasöfnum sveitarfélagsins.